

# Deferasirox Accord:

## Mikilvægar upplýsingar fyrir sjúkling

Sjá ítarlegar upplýsingar í samantekt á eiginleikum lyfsins á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)



## **Deferasirox Accord filmuhúðuð tafla**

Mikilvægt er að þú takir lyfið samkvæmt fyrirmælum læknisins. Deferasirox Accord er einungis fánlegt sem filmuhúðaðar töflur í styrkleikunum, 90, 180 og 360 mg. Töflurnar má gleypa í heilu lagi á fastandi maga eða með léttri máltíð. Ef þú getur ekki gleypst heilar töflur má mylja deferasirox filmuhúðaðar töflur og dreifa þeim yfir mjúkan mat.

### **Hvað er deferasirox?**

Deferasirox klóbindur járn og er notað til að fjarlægja umframjárn úr líkamanum.

### **Af hverju var Deferasirox Accord ávísað handa mér?**

Við mörgum sjúkdómum er nauðsynlegt að gefa blóð. Sumir þessara sjúkdóma eru:

- alvarlegt beta-dvergkornablóðleysi
- sigðkornablóðleysi
- heilkenni mergrangvaxtar sem valda ekki mikilli áhættu
- aðrar tegundir blóðleysis

Ef þú ert með einhvern þessara sjúkdóma hefur þú líklega fengið nokkrar blóðgjafir.

Blóðið sem þú færð inniheldur járn. Járn er mikilvægt því rauðu blóðkornin nota það til að bera súrefni um líkamann. Líkaminn getur hins vegar ekki með náttúrulegum hætti losað sig við umframjárn.

Járnið hleðst upp við hverja blóðgjöf. Það veldur umframjárni í líkamanum og kallast þetta langvarandi járnafhleðsla. Of mikið járn getur skaðað lífæri eins og hjartað og lifrina.

Mikilvægt er að fjarlægja þetta umframjárn til að viðhalda öruggu og heilbrigðu járnmagni í líkamanum.

### **Hvernig verkar deferasirox?**

Verkun Deferasirox Accord byggir á ferli sem kallast klóbinding.

Þegar þú tekur Deferasirox Accord fer það út í blóðið og „fangar“ umframjárn sem er til staðar.

### **Við hverju er deferasirox notað?**

Deferasirox er notað til meðferðar við langvarandi járnafhleðslu vegna tíðra blóðgjafa hjá sjúklingum, 6 ára og eldri, með blóðsjúkdóm sem kallast alvarlegt beta-dvergkornablóðleysi.

Deferasirox er einnig notað til meðferðar við langvarandi járnafhleðslu þegar ekki má nota lyf sem kallast deferoxamin eða meðferð með því er ófullnægjandi hjá sjúklingum með alvarlegt beta dvergkornablóðleysi ásamt járnafhleðslu vegna blóðgjafa sem ekki eru tíðar, hjá sjúklingum með aðrar tegundir blóðleysis og hjá börnum á aldrinum 2 til 5 ára.

Deferasirox er einnig notað, þegar ekki má nota deferoxamin eða meðferð með því er ófullnægjandi, til meðferðar hjá sjúklingum, 10 ára og eldri, sem eru með járnafhleðslu sem tengist dvergkornablóðleysi, en eru ekki háðir blóðgjöfum

## **Hvernig tek ég Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur?**

### **Hvaða skammt á ég að taka?**

Skammturinn af Deferasirox Accord filmuhúðuðum töflum er háður þyngd þinni, núverandi járnmagni, lifrar- og nýrnastarfsemi og hversu oft þú færð blóðgjöf.

Ef þú ert að skipta af öðru lyfi (t.d. deferoxamin) yfir á Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur mun læknirinn ákveða skammtinn af Deferasirox Accord út frá því hversu mikið deferoxamin þú hefur verið að nota. Vera má að læknirinn ákveði síðar meir stærri eða minni skammta, háð svörun við meðferðinni.

### **Hvaða töflur á ég að taka?**

Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur eru í mismunandi styrkleikum og þú getur þurft að taka fleiri en einn styrkleika. Læknirinn mun segja þér hversu margar töflur og hvaða styrkleika þú átt að taka daglega.

Ef þú hefur áður tekið annað lyfjaform af deferasirox en filmuhúðaðar töflur gæti þurft að aðlagja skammtinn þegar þú skiptir yfir í filmuhúðaðar töflur. Læknirinn mun segja þér hversu mikið þú þarft að taka af filmuhúðuðum töflum.

Lestu fylgiseðilinn og aðrar upplýsingar sem fylgja með töflunum og innihalda mikilvægar upplýsingar um meðferðina og hvernig skal taka lyfið. Hafðu samband við lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing ef þú hefur frekari spurningar um meðferðina.

### **Hvenær taka á Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur**

Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur á að taka einu sinni á dag, helst alltaf á sama tíma dags. Þær má taka á fastandi maga eða ásamt léttri máltíð. Fylgið fyrirmælum læknisins.

### **Hvernig taka á Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur**

Gleypa á Deferasirox Accord filmuhúðaðar töflur í heilu lagi með vatni. Handa sjúklingum sem ekki geta gleypst töflurnar í heilu lagi má mylja Deferasirox Accord filmuhúðuðu töflurnar og taka þær með því að dreifa öllum skammtinum í mjúkan mat, t.d. jógúrt eða eplamauk (maukuð epli). Taka verður allan skammtinn strax. Ekki má ekki geyma hann til notkunar síðar.

### **Hvað ef ég gleymi að taka skammtinn?**

Ef þú gleymir að taka einn skammt af Deferasirox Accord skaltu taka hann þegar þú manst eftir því, jafnvel þótt það sé síðar sama dag. Taktu næsta skammt samkvæmt áætlun. Ekki á að tvöfalda skammt daginn eftir til að bæta upp töflu(r) sem gleymst hefur að taka.

### **Hvað ef ég tek fleiri Deferasirox Accord töflur en á að gera?**

Hafir þú tekið of stóran skammt af Deferasirox Accord, eða ef einhver annar tekur töflurnar inn fyrir slysi, skal strax hafa samband við lækni eða sjúkrahús. Sýndu læknum umbúðir lyfsins. Töflur lækni meðferð getur verið nauðsynleg.

**Þú getur fundið fyrir einkennum eins og kviðverk, niðurgangi, ógleði og uppköstum, sem og nýrna- eða lifrarkvillum sem geta verið alvarlegir.**

### Hvaða eftirlit er haft með meðferðinni?

Meðan þú ert á meðferð með Deferasirox Accord þarft þú að undirgangast reglulegar rannsóknir. Með þessum rannsóknum er haft eftirlit með því hvernig þú svarar meðferðinni. Verið getur að auka eða minnka þurfi skammtinn út frá þessum rannsóknum.

| Rannsókn                                                                                           | Áður en meðferð með Deferasirox Accord hefst                                                       | Mánaðarlega                                                                                                      | Einu sinni á ári |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
| <b>Járn</b><br>Ferrítín í sermi                                                                    | ✓                                                                                                  | ✓                                                                                                                |                  |
| <b>Nýru</b><br>Kreatínín í sermi                                                                   | ✓<br>Þessi blóðrannsókn er gerð <b>tvisvar sinnum</b> áður en meðferð með Deferasirox Accord hefst | ✓<br>Vikulega fyrsta mánuð meðferðar og fyrsta mánuðinn eftir allar breytingar á skömmtum. Mánaðarlega eftir það |                  |
| <b>Úthreinsun kreatíníns</b>                                                                       | ✓                                                                                                  | ✓<br>Vikulega fyrsta mánuð meðferðar og fyrsta mánuðinn eftir allar breytingar á skömmtum. Mánaðarlega eftir það |                  |
| <b>Lifur</b><br>(Transamínasar, bilirúbín og alkalískur fosfatasi í sermi)                         | ✓                                                                                                  | ✓<br>Á 2 vikna fresti fyrsta mánuðinn. Mánaðarlega eftir það.                                                    |                  |
| <b>Þvag</b><br>(Prótein í þvagi)                                                                   | ✓                                                                                                  | ✓                                                                                                                |                  |
| <b>Sjón og heyrn</b>                                                                               | ✓                                                                                                  |                                                                                                                  | ✓                |
| <b>Hæð og þyngd</b>                                                                                | ✓                                                                                                  |                                                                                                                  | ✓                |
| <b>Börn:</b><br>Meta líkamsþroska (t.d. þyngd, kynþroska og hversu mikið viðkomandi stækkar á ári) | ✓                                                                                                  |                                                                                                                  | ✓                |

Læknirinn getur einnig:

- Framkvæmt rannsókn sem kallast **segulsneiðmyndataka**, til að ákvarða járnmagnið í hjartanu eða lifrinni.
- Tekið **vefjasýni** úr nýrum ef grunur er um verulegar nýrnaskemmdir.